



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

GESTAHLJÓMSVEIT

GAUTA BORÐAR SINFÓNÍAN Á ÍSLANDI



18. MARS 2018



GÖTEBORGS
SYMFONIKER

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Svíta: 22'

Píanókoncert: 34'

Sinfónía: 40'

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website:

en.sinfonia.is

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

SUN 18 MAR 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

GAUTABORGAR- SINFÓNÍAN Á ÍSLANDI

**Sinfóníuhljómsveit
Gautaborgar**

Santtu-Matias Rouvali
hljómsveitarstjóri

Hélène Grimaud
einleikari

EFNISSKRÁ

Richard Strauss
Svíta úr Rósarriddaranum (1911/1944)

Ludwig van Beethoven
Píanókonsert nr. 4 í G-dúr, op. 58 (1805–1806)
Allegro moderato
Andante con moto
Rondo (Vivace)

Hlé

Jean Sibelius
Sinfónía nr. 1 í e-moll, op. 39 (1899)
Andante ma non troppo - Allegro energico
Andante (ma non troppo lento)
Scherzo (Allegro)
Finale - (Quasi una fantasia): Andante - Allegro molto

Í apríl síðastliðnum hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands tónleika í tónlistarhúsinu í Gautaborg undir stjórn aðalhljómsveitarstjórans Yan Pascal Tortelier, og lék Víkingur Heiðar Ólafsson einleik með hljómsveitinni. Tónleikarnir fengu frábærar undirtektir og nú er komið að Gautaborgarsinfóníunni að endurgjalda heimsóknina með tónleikum í Hörpu. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaferð hljómsveitarinnar um Norðurlönd en í vikunni hefur hún haldið tónleika í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Ósló.



GAUTABORGAR-SINFÓNÍAN

Gautaborgarsinfónían (Göteborgs Symfoniker) er þjóðarhljómsveit Svíþjóðar. Hún var stofnuð árið 1905 og telur í dag 109 hljóðfæraleikara. Hljómsveitin heldur árlega í kringum 100 tónleika í heimkynnum sínum - Tónleikahúsi Gautaborgar (Göteborgs konserthus) sem staðsett er við Gautatorgið í hjarta borgarinnar. Hefur hljómsveitin sett sér að markmiði að verða orðin ein fremsta hljómsveit heimsbyggðarinnar árið 2020.

Auk tónleika í tónleikahúsinu og á ferðalögum erlendis kemur hljómsveitin fram á Gautatorginu og í Slottsskogen-garðinum á sumrin. Þá eru tónleikar hljómsveitarinnar sendir út á sjónvarpsrás hennar GSOpplay.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Gautaborgarsinfónían var haustið 2011 fyrst erlendra sinfóníuhljómsveita til að leika í Eldborgarsal Hörpu. Stjórnandi var hinn víðfrægi hljómsveitarstjóri Gustavo Dudamel og einleikari klarínnettuvirtúósinn Martin Fröst. Á efnisskránni var frumflutningur verksins Tiger Touch eftir Karin Rehnqvist, Klarínettukonsert Mozarts og 6. sinfónía Tsjaikovskíjs.

Hljómsveitin á sér merkilega sögu og hafa margir nafntogaðir hljómsveitarstjórar stjórnað henni í gegnum árin. Fyrsti aðalstjórnandi Gautaborgarsinfóníunnar var tónskáldið, píanóleikarinn og hljómsveitarstjórinn Wilhelm Stenhammar sem var við stjórnvölinn frá 1907–1922. Hann léði hljómsveitinni skýrt norrænt yfirbragð og fékk m.a. kollega sína Carl Nielsen og Jean Sibelius til að stýra flutningi hennar.

Annar stór áhrifavaldur í sögu hljómsveitarinnar er Neeme Järvi sem var aðalstjórnandi hennar frá 1982–2004. Með honum ferðaðist hljómsveitin víða um lönd og hljóðritaði verk fyrir um það bil 100 hljómplötur. Öðlaðist hún á þessum árum viðurkenningu sem ein af fremstu hljómsveitum Evrópu og var hún árið 1997, í tíð Järvis, útnefnd þjóðarhljómsveit Svíþjóðar.

Gautaborgarsinfónían er í föstu samstarfi við hljómplötu-útgáfunar Deutsche Grammophon og BIS. Hún hefur einnig hljóðritað fyrir Chandos-útgáfuna - m.a. sinfóníur og önnur hljómsveitarverk eftir Mieczysław Weinberg og hljómsveitar-tónlist Albans Berg.

Finnski hljómsveitarstjórinn Santtu-Matias Rouvali tók við stöðu aðalstjórnanda Gautaborgarsinfóníunnar á síðastliðnu hausti en aðalgestastjórnandi og listrænn ráðgjafi er Kent Nagano. Þá er Gustavo Dudamel heiðursstjórnandi og Neeme Järvi aðalstjórnandi á eftirlaunum.



SANTTU-MATIAS ROUVALI

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómveitarstjórinn Santtu-Matias Rouvali (f. 1985) tók í upphafi þessa starfsárs við tveimur mikilvægum stöðum - annars vegar stöðu aðalstjórnanda Gautaborgarsinfóníunnar og hins vegar hlutverki aðalgestastjórnanda hljómveitarinnar Fílharmóníu í Lundúnum. Áfram heldur hann stöðu sinni sem aðalstjórnandi Fílharmóníuhljómveitarinnar í Tampere í heimalandi sínu en lætur af starfi aðalgestastjórnanda Fílharmóníuhljómveitarinnar í Kaupmannahöfn.

Rouvali stundaði nám í hljómveitarstjórn hjá Leif Segerstam við Sibeliusar-akademiuna og lauk prófi þaðan árið 2009. Áður hafði hann getið sér gott orð sem slagverksleikari og bar m.a. sigur úr bótum í Eurovision-keppni ungra einleikara árið 2004.

Hann er eftirsóttur stjórnandi víða um heim og hefur nýverið stjórnað Sinfóníuhljómveit Vínarborgar, Fílharmóníuhljómveitinni í Ósló og Þýsku sinfóníuhljómveitinni (DSO) í Berlín. Rouvali kemur einnig reglulega fram með hljómveitum í Stokkhólmi og Tókýó og hefur auk þess stjórnað óperum, til dæmis *Carmen* og *Töfraflautunni*. Þá er hann fastur gestur á sumartónleikaröð við Concertgebouw í Amsterdam og á Queensland-tónlistarhátíðinni í Ástralíu.

Í júní síðastliðins árs stóð Rouvali sem væntanlegur aðalstjórnandi Gautaborgarsinfóníunnar við hlið Gustavos Dudamel á vinsælu sumarnámskeiði hljómveitarinnar fyrir börn og unglinga sem nefnist *Side by Side by El Sistema*.

Rouvali hefur hljóðritað geisladiska fyrir finnska forlagið Ondine, og væntanlegur er nýr diskur hjá Orchid Classics þar sem hann stjórnar fíðlukonsertum eftir John Adams og György Ligeti með einleikaranum Ilya Gringolts sem er íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnur. Framundan eru hljóðritanir Rouvalis með Gautaborgarsinfóníunni.

Rouvali hefur tvívegis áður komið til Íslands. Hann stjórnaði Sinfóníuhljómveit Íslands á tónleikum í febrúar 2015, en auk þess foræfði hann hljómveitina fyrir landa sinn Hannu Lintu haustið 2011 þegar undirbúinn var flutningur á öllum sinfóníum Beethovens.



©Mat Hennek

HÉLÈNE GRIMAUD

EINLEIKARI

Hélène Grimaud fæddist árið 1969 í Aix-en-Provence og hóf píanónám í tónlistarskóla í heimabæ sínum. Hún komst inn í Tónlistarháskólann í París aðeins 13 ára gömul og þegar hún var 18 ára bauð Daniel Barenboim henni að leika konsert með Orchestre de Paris. Hún debúteraði með Fílharmoníu-hljómsveit Berlínar árið 1995 undir stjórn Claudios Abbado og síðan hefur hún verið meðal fremstu píanista heims af sinni kynslóð. Hún hefur hlotið Cannes-verðlaunin, Midem-verðlaunin og Echo-verðlaunin, hefur ritað þrjár bækur og verið ötull talsmaður náttúruverndar. Hún hlaut heiðursorðu franska lýðveldisins á síðasta ári fyrir störf sín.

Frá árinu 2002 hefur Hélène Grimaud eingöngu hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon, þar á meðal konserta eftir Mozart og Brahms. Nýjustu geisladiskar hennar eru *Water* (2016) með tónlist eftir níu tónskáld, m.a. Takemitsu, Berio, Ravel, Liszt og Debussy - og *Perspectives* (2017) sem á tveimur diskum hefur að geyma úrval af uppáhaldsverkum hennar af fyrri plötum en auk þeirra tvö „aukalgö“ - *As-dúr vals* eftir Brahms og útsetningu Giovanni Sgambati á *Dansi heilögu andanna* úr óperunni *Orfeus og Evrídis* eftir Gluck.

Grimaud hefur leikið með öllum helstu hljómsveitum heims. Nýverið lék hún konserta Beethovens með Santa Cecilia-hljómsveitinni undir stjórn Antonios Pappano, og með Valerij Gergiev og Mariinsky-hljómsveitinni á White Nights-hátíðinni í Pétursborg.

Hélène Grimaud er um þessar mundir staðarlistamaður Gautaborgarsinfóníunnar og eru tónleikarnir í kvöld lokahnykkur á tónleikaferð hennar með hljómsveitinni sem hófst í Ósló með viðkomu í Stokkhólmi, Gautaborg og Kaupmannahöfn. Á þessum vettvangi eru að baki einleikstónleikar og einleikur í píanókonserti Ravels í Gautaborg, en þann konsert lék hún einnig í Zürich og Vínarborg í janúar.

Þetta er í fyrsta sinn sem Hélène Grimaud kemur fram á Íslandi.



RICHARD STRAUSS

ROSENKAVALIER SVÍTA

Richard Strauss (1864–1949) samdi fimmtán óperur um Rævina og enn þann dag í dag eru flestar þeirra á fjöllum helstu óperuhúsa heimsbyggðarinnar. Hans fyrsti sigur á óperusviðinu var þriðja ópera hans, *Salome* (1904) eftir sögu Oscars Wilde. Hún hneykslaði marga, en aflaði honum líka heimsfrægðar og fúlgu fjár. Strauss kynntist austurríska rithöfundinum Hugo von Hoffmansthal aldamótaárið 1900 og með þeim tókst vinátta sem átti eftir að geta af sér sjö meistaraverk óperubókmenntanna. *Der Rosenkavalier* eða *Rósarriddarinn* sem er önnur óperan í þessari röð var frumsýnd í Dresden í janúar 1911 og sló strax rækilega í gegn. Var hún sýnd fimmtíu sinnum í borginni á frumsýningarárinu og gengu sérstakar Rosenkavalier-járnbrautarlestir milli Berlínar og Dresden í tengslum við sýningarnar.

Í *Rósarriddaranum* eru fjórar aðalpersónur: hefðarkonan Marschallin (prinsessa von Werdenberg) og sautján ára gamall elskhugi hennar Oktavian greifi; þá óheflaður og fésnaður frændi hennar Ochs barón, vonbiðill hinnar ungu Sophie von Faninal sem gegnir fjórða aðalhlutverkinu. Að frumkvæði Marschallin fær Ochs Oktavian til að færa Sophie hina táknaðu silfurros en þegar þau hittast verður það ást við fyrstu sýn. Að lokum yfirgefur Oktavian Marschallin vegna hinnar fögru Sophie og hulunni er flett ofan af gamla afglapanum, baróni Ochs.

Svítan hefst á ástríðufullum forleik óperunnar sem lýsir ástarleikjum Marschallin og Oktavians. Næst heyrast blíðir tónar sem bregða upp mynd af Oktavian sem rósarriddara og síðan dúett hans og Sophie sem er freklega truflaður af tónlist sem lýsir Ochs baróni. Fiðlurnar kynna nú fyrsta valsinn til leiks og síðan sameinast öll hljómsveitin í svellandi valse. Eftir stutta þögn og fiðlusóló heyrast tónar sem eru fullir af fortíðarþrá og lýsa sorg Marschallin yfir elskhugamissinum. Svítunni lýkur með grófgerðum valse í anda Ochs og glæsilegum lokatónum.

Talið er líklegt að hljómsveitarstjórinn Artur Rodziński hafi sett svítuna saman en hann stjórnaði frumflutningi hennar á tónleikum New York-fílharmóníunnar haustið 1944.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Svítan úr *Rósarriddaranum* eftir Richard Strauss hljómar nú í fyrsta sinn í Eldborgarsal Hörpu en Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur fjórum sinnum flutt hana í Háskólabíói. Þáverandi aðalhljómsveitarstjóri Jean-Pierre Jacquillat reið á vaðið og stjórnaði verkinu á tónleikum í febrúarbyrjun 1981 og var óbókonsert Strauss einnig á efnisskránni. Hljómsveitin flutti svítuna síðan tvisvar sinnum á 10. áratug síðustu aldar - vorið 1992 og haustið 1998 og á Vínartónleikum 2011. Stjórnandi í bæði skiptin var Petri Sakari.



LUDWIG VAN BEETHOVEN

PIÁNÓKONSERT NR. 4


Beethoven (1770–1827) samdi fjórða píánókonsertinn á árunum 1805–6 og flutti hann á einkatónleikum í húsakynnum Lobkowitz prins í Vínarborg en opinber frumflutningur fór fram í Theater an der Wien 22. desember 1808. Þetta voru sannkallaðir maraþontónleikar þar sem átta verk Beethovens voru flutt - þar af fjögur í fyrsta sinn opinberlega. Fyrsta atriðið var sjötta símfónían - *Sveitasímfónían*, þá kom arian *Ab, perfido* op. 65, síðan *Gloría* úr *C-dúr messunni* en fyrri hlutanum lauk á fjórða píánókonsertinum sem Beethoven lék sjálfur. Síðari hlutinn hófst á fimmtu símfóníunni, þá komu *Sanctus* og *Benedictus* kaflarnir úr *C-dúr messunni*. Næst lék Beethoven eitt atriði á píánóið af fingrum fram en lokaverkið var *Kórfantásían*. Litlar sögur fara af þessum tónleikum annað en að lengd þeirra losaði fjórar klukkustundir í hrollköldum tónleikasalnum og flutningurinn var frekar bágborinn eftir aðeins eitt æfingarensli. Þetta var í síðasta sinn sem Beethoven kom fram opinberlega sem píánóleikari og er fjórði píánókonsertinn síðasta verkið sem hann samdi til eigin nota.

Að sögn tónskáldsins Johanns Friedrich Reichardt sem var viðstaddur frumflutninginn, vakti píánókonsertinn litla hrifningu tónleikagesta. Er jafnvel talið að konsertinn hafi ekki heyrst aftur fyrir en eftir daga tónskáldsins. Ástæðan er ef til vill hinar bágbornu aðstæður við frumflutninginn en líklegra er að hið óvenjulega upphaf konsertsins hafi ekki náð að fanga áheyrendur. Í hefðbundnum einleikskonserti tíðkast að hljómsveitin hefji leik og kynni helstu stef þáttarins hvert af öðru áður en einleikarinn lætur í sér heyra. Fjórði píánókonsert Beethovens hefst aftur á móti á lágværum, allt að því hvíslkenndum einleik píánistans áður en hljómsveitin tekur við stefinu.

Hinn ungi Felix Mendelssohn, sem þekktur er fyrir að hafa grafið mörg vanrækt meistaraverk út gleymsku, lék konsertinn á tónleikum í Leipzig árið 1836. Í salnum sat hinn 26 ára gamli Robert Schumann sem sagði síðar: „Ég var svo hugfanginn að ég sat í sæti mínu og gat mig ekki hreyft né jafnvel andað.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Árni Kristjánsson lék 4. píánó-konsert Beethovens fyrstur manna á Íslandi - í Þjóðleik-húsinu árið 1954. Síðan þá hafa 15 píánistar flutt verkið með Símfóníuhljómsveit Íslands, meðal annars nokkrir dádustu píánóleikarar 20. aldar: Alfred Brendel (1964), Wilhelm Kempff (1966), Vladimir Ashkenazy (1970) Radu Lupu (1975) og Christina Ortiz (2007). Síðast hljómaði konsertinn í meðförum Símfóníuhljómsveitar Íslands í september 2017. Voru tónleikarnir hluti af Beethoven-hringnum þar sem Paul Lewis spilaði alla píánókonserta meistarans. Símfóníuhljómsveit áhugamanna hefur tvisvar flutt 4. píánókonsert Beethovens. Valgerður Andrésdóttir lék konsertinn með hljómsveitinni haustið 2002 og Erna Vala Arnardóttir síðastliðinn sunnudag.



JEAN SIBELIUS

SINFÓNÍA NR. 1

Johan Christian Julius Sibelius (1865–1957) fæddist í Hämeenlinna í Finnlandi. Tvítugur hóf hann framhaldsnám í tónsmíðum í Helsinki og tók sér um það leyti nafnið Jean. Að loknu námi árið 1889 fékk hann styrki til frekara náms, fyrst í Berlín og síðar í Vínarborg þar sem hann dvaldi veturinn 1890–91. Vínardvöl Sibeliusar markaði þáttaskil í tónskáldaferli hans en þar skrifaði hann sitt fyrsta stóra hljóm-sveitarverk, sinfóníska tónaljóðið op. 7 um Kalevala-sögupersónuna *Kullervo*. Næstu fimm tán árin samdi hann mörg af þekktustu hljóm-sveitarverkum sínum, m.a. *Karelia* forleikinn og samnefnda svítu, tónaljóðin *En Saga*, *Lemminkäinen*, *Finlandia*, *Dóttir Pohjolas* og leikhústónlistina við *Pelléas og Mélisande* ásamt samnefndri svítu. Fyrstu tvær sinfóniurnar og fiðlukonsertinn skrifaði hann á árunum frá 1899 til 1905.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fyrsta sinfónía Sibeliusar hefur hljómað riflega 20 sinnum í meðföllum Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands – fyrst á tónleikum sveitarinnar 1965 undir stjórn Tauno Hannikainen. Páll P. Pálsson hefur oftast stýrt flutningi sinfóniunnar en það gerði hann meðal annars á tónleikaferðalagi hljóm-sveitarinnar um Austurríki. Árið 1997 hljóðritaði SÍ sinfóníuna fyrir Naxos undir stjórn Petris Sakari en hann stjórnaði jafnframt flutningi hennar árið 2008. Síðast hljómaði Sinfónían í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri 13. mars 2015 og kvöldið áður í Hörpu. Stjórnandi var finnski hljóm-sveitarstjórinn Anna-Maria Helsing.

Skömmu eftir aldamótin 1900 festi Sibelius eftirfarandi hugrenningar á blað: „Síðan á tímum Beethovens hafa allar sinfóníur, að sinfóníum Brahms undanskildum, verið sinfónísk tónaljód. Í sumum tilfellum hafa tónskáldin gefið upp söguþráð eða að minnsta kosti sagt hvað þeir höfðu í huga; í öðrum tilfellum er augljóst að þeim var í mun að lýsa eða segja frá einhverju, hvort sem um var að ræða landslag eða röð af myndum. Þetta samræmist ekki minni músikölsku hugsun. Mínar sinfóníur eru tónlist - úthugsaðar og unnar sem tónlistarleg tjáning án allra skírskotana til bóka. Ég er ekki bókmenntatónskáld, fyrir mér byrjar tónlistin þar sem orðunum sleppir. Sinfónía á fyrst og fremst að vera tónlist.“

Fyrsta sinfónían hefst, líkt og 4. píanókonsert Beethovens, á mjög óhefðbundinn hátt. Fjarlæggar drunur í pákum byggja grunn undir einmanalega framsögu sólóklarínnettunnar sem síðar á eftir að heyrast í ýmsum myndum í sinfóníunni. Pákurnar þagna en klarínettan lýkur hendingunni og við tekur hetjulegt og hárómantískt aðalstefkaflans. Öll er sinfónían full af falllegum stefjum og óvæntum uppákomum. Tilfinningaskalinn er þaninn út til hins ýtrasta og er hljóm-sveitarútfærslan öll hin glæsilegasta.

Sigurður Ingvi Snorrason

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT GAUTABORGAR

18. MARS 2018

1. FÍÐLA

Per Enoksson
Sara Trobäck
Vlad Stanculeasa
Justyna Jara
Claire Dolby
Nicola Boruvka
Mats Enoksson
Helena Frankmar
Charlotta Grahn Wetter
Bengt Gustafsson
Annika Hjelm
Cecilia Hultkrantz
Helena Kollback Heuman
Lotte Lybeck
Joel Nyman
Ann-Christin Raschdorf
Kristina Ryberg

2. FÍÐLA

Terje Skomedal
Åsa Rudner
Per-Olof Appelin
Hanna Austern
Pernilla Carlzon
Jan Engdahl
Pierre Guis
Leonard Haight
Mattias Johansson
Annika Kroon
Jan Lindahl
Samuel Runsteen
Thord Svedlund
Ellen Hjalmarson
Daina Mateikaite

VÍÓLA

Lars Mártensson
Tuula Fleivik Nurmo
Malgorzata Blaszczyk
Susanne Brunström Stighäll
Nils Edin
Henrik Edström
Laura Groenestein-Hendriks
Naja Helmer
Daniel Lee
Magnus Lundén
Kejo Millholm
Ellinor Rossing
Minna Svedberg

SELLÓ

Ernst Simon Glaser
Claes Gunnarsson
Johan Stern
Jun Sasaki
Pia Enblom
Paula Gustafsson Apola
Antonio Hallongren
Oscar Kleväng
Karin Knutson
Petra Lundin

BASSI

Hans Adler
Bo Eklund
Jan Alm
Charles DeRamus
Håkan Ehrén
Marc Grue
Erik Mofjell
Jenny Ryderberg
Harish Kumar

FLAUTA

Anders Jonhäll
Håvard Lysebo
Tina Ljungkvist
Marjolein Vermeeren

ÓBÓ

Mårten Larsson
Björn Bohlin
Gunnar Månberg

KLARÍNETT

Urban Claesson
Selena Markson-Adler
Robert Hegg
Romola Smith

FAGOTT

Ole Kristian Dahl
Kaitlyn Cameron
Romain Lucas
Oddmund Ökland

HORN

Lisa Ford
Dick Gustavsson
Ingrid Kornfält Wallin
Krister Petersson
Katherine Woolley

TROMPET

Bengt Danielsson
Per Ivarsson
Paul Spjuth

BÁSÚNA

Lars-Göran Dimle
Endre Vetås
Jens Kristian Søgaard

TÚBA

Morten Agerup

PÍANÓ

Erik Risberg

HARPA

Erik Groenestein-Hendriks
Patrizia Carciani Kvensler

PÁKUR/SLAGVERK

Hans Hernqvist
Martin Ödlund
Roger Carlsson
Fredrik Björnin
Kenneth Franzén
Lúcia Silva



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BÍÓTÓNLEIKAR
26. OG 27. APRÍL 2018

AMADEUS AMADEUS

Nú gefst einstakt tækifæri til að upplifa kvikmyndina Amadeus sem sýnd verður í Eldborg og stórfenglega tónlist Mozarts í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Mótettukórs Hallgrímskirkju. Ekki missa af þessum stórbrotna viðburði!

MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

23. MARS 19:30

EDDA II

LÍF GUÐANNA

Edda er stærsta verk Jóns Leifs og eitt metnaðarfullsta tónverk íslenskrar tónlistarsögu, risavaxin tónsmíð byggð á textum úr Eddukvæðum og Snorra-Eddu.

Fyrsti hluti verksins, Edda I: Sköpun heimsins, var frumfluttur í heild árið 2006 og útgáfa verksins á geisladiski vakti heimsathygli og fékk frábæra dóma.

Það er stórvíðburður í íslensku tónlistarlífi að Edda II sem Jón Leifs samdi fyrir meira en hálfri öld og var á sínum tíma stærsta verk sem íslenskt tónskáld hafði samið, skuli nú loksins vera frumflutt

Vinafélag hljómsveitarinnar stendur fyrir kvöldstund í Kaldalóni miðvikudagskvöldið 21. mars kl. 20 þar sem Árni Heimir Ingólfsson fræðir gesti um Eddu. Árni Heimir þekkir mjög vel til verka Jóns en hann ritaði ævisögu tónskáldsins, Jón Leifs - Líf í tónum, sem kom út árið 2009. **Allir velkomnir.**

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI **SINFONIA.IS**

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA